

## 7. fundur í stjórn Alnæmisbarna, 19.11. 2004

Haldinn 19. nóvember í húsnæði Samorku, Suðurlandsbraut 48, Rvk.

Mætt: Þórunn Sveinbjarnardóttir, Helga Tuliníus og María J: Gunnardóttir.

Gestur fundarins var Ragna Karlsdóttir. Fjarverandi: Erla Halldórsdóttir og Bjarni Reyr Kristjánsson

Efni fundarins.

\* Farið yfir stöðu mála vegna veikinda Erlu. Stjórnarmenn sammála um að brýnt sé að halda starfinu áfram af fullum krafti og kom þeim skilaboðum til heimilisins í Uganda.

\* Drífa hjá Þróunarsamvinnustofnun hefur tjáð Þórunni að hún hafi haft samband út við heimilið í Uganda og talaði þar við Rosettu forstöðukonuna. Hún þekkir hana persónulega. Rosetta tjáði henni að Erla hefði verið búin að ákveða að greiða HIV lyf fyrir nokkrar stúlkur og var hún búin að senda greiðslu einu sinni. Samþykkt var á stjórnarfundi fyrir nokkru að greiða það. Ganga þarf í að tryggja að þær greiðslur berist heimilinu áfram.

\* Drífa sagði einnig að það þyrfti að ganga frá greinargerð fyrir Þróunarsamvinnustofnun vegna styrkveitingar. Drífa bauðst til að aðstoða við þá greinargerð. Talið er líklegt að uppkast sé til í tölvu Erlu og mun Drífa hafa samband við Gest til að fá þau gögn og ljúka gerð hennar í samvinnu við hann.

\* Rosetta ræddi um styrk sem hefði verið greiddur til ABC hjálparsamtakanna í Uganda vegna stúlkna sem þar eru. Það þarf að athuga það.

\* Ragna tjáði okkur Zontaklúbburinn Embla hefði ákveðið að styrkja verkefnið í Uganda um 200 þús.kr. Stjórnin er þakklát þeim stuðningi.

\* Ákveðið að Þórunn hafi samband við Rosettu og tjái henni að félagið sé að vinna í málum og muni styðja þær áfram.

\* Þórunn lagði fram bækling félagsins og var honum dreift u.þ.b. 250 eintök á hvern stjórnarmann til frekari dreifingar.

\* Ákveðið að senda hverjum félagi 3 eintök með bréfi til dreifingar. María sér um það.

\* Bjarni er að vinna í heimasíðugerð. Helga ætlar að biðja hann að koma því eins langt og kostur sem fyrst.

\* Helga athugar með fjármál félagsins.

ritari: María J. Gunnarsdóttir í fjarveru ritara.